

# Rabbrýmið: umgengnis- og siðareglur

Rabbrýmið er **heimili upplýsinga**, skemmtunar, fræðslu og samskipta. Þeim sem nýta rýmið ber skylda til að virða jafnan rétt allra til öryggis og lífs, og stunda ekki orðræðu sem beinir spjótum sínum á ódregilegan eða fordómafullan máta að nokkrum samfélagshóp.



Rabbrýmið er á **ykkar ábyrgð**, það er mikilvægt að ganga vel um það og fara varlega með tækin sem eru þar inni.

Ef þið kunnið lítið á græjurnar, **ekki fikta** í neinum stillingum.

Ef þið kunnið mikið á græjurnar og breytið einhverju, vinsamlegast **breytið því þá aftur** til baka eftir notkun. Skiljið við græjurnar eins og þið komuð að þeim.

Ef þið þurfið að bregða ykkur frá þá er mikilvægt að **læsa rýminu** á meðan. Skiljið rýmið ekki eftir mannlaust og ólæst.

Eftir notkun ber að **skila spjaldinu** til starfsfólks í upplýsingaþjónustunni á 2. hæð. Starfsmaður merkir þá við að þið hafið skilað rýminu af ykkur.

**Virðið tímann.** Gerið ráð fyrir tíma til að ganga frá eftir ykkur, mögulega er einhver sem bíður eftir að komast að þegar ykkar tími klárast.

Tækin eru viðkvæm og dýrmæt, **passið vel upp á þau**. Ekki er leyfilegt að fara með tæki safnsins út úr Rabbrýminu.

**Allur matur og drykkur er bannaður í Rabbrýminu.** Aðeins er leyfilegt að vera með vatn í lokanlegri flösku.

Öllu rusli skal hent í ruslatunnur. **Það ber að skilja við rýmið eins og komið var að því.**

**Aldurstakmark:** notendur Rabbrýmisins þurfa að vera 18 ára eða eldri. Einstaklingar undir 18 ára þurfa að vera í fylgd með ábyrgðarmanni.

Með kveðju,  
starfsfólk Rabbrýmisins